



# Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

6. árgangur 2. tbl.

Febrúar 2009

## ***Söngskemmtun á Flúðum***



***laugardagskvöldið  
21. febrúar kl: 20,30***

***Karлакór  
Bólstaðarhlíðarhrepps  
Karлакór Kjalnesinga og  
Karлакór Hreppamanna***

***Aðgangseyrir 1,500 krónur  
Konfekt fyrir eyru og augu ☺***

***Karлакór Hreppamanna***





## Heimasíða Þjórsárskóla

Nú er heimasíða Þjórsárskóla komin í gagnið. Búið er að setja inn ákveðið grunnefni um skólann og svo verður bætt við jafnóðum eftir því sem tækifæri gefst. Slóðin er **thjorsarskoli.is** og hvet ég ykkur til að skoða síðuna. Viðburðadagatalið er ekki komið í notkun en verið er að vinna í því. Ætlunin er að heimasíðan verði upplýsingamiðill skólans þar sem allir geta fylgst með viðburðum í skólanum, kennslu og skoðað myndir af starfinu.

### Viðburðir í skólanum.

Þann 27. janúar komu nemendur úr 7. bekk Flúðaskóla í heimsókn til okkar. Markmið heimsóknarinnar var að nemendur í 7. bekk á Flúðum heimsæki væntanlega bekkjarfélagi sína og kynnist þeirra aðstæðum áður en allir sameinast í bekk á Flúðum. Nemendur Þjórsárskóla heimsækja 7. bekk Flúðaskóla í mars og skoða þá skólann sem þau stunda næsta skólaár.

Unnið er á miklum krafti í nýsköpun innan skólans og fóru nemendur 7. bekkjar í vettvangsferð í Þingborg til að kynna hönnun og framleiðslu í nærsamfélaginu. Hópurinn verður svo með markaðskvöld síðar í vetur þar sem þau selja afrakstur sinn. Hönnun og útfærsla 5.-6. bekkjar á bílum verður sýnd þann **17. febrúar í Árnesi**. Þá keppa hönnuðir um bestu útfærsluna í akstursgetu bíla sinna og einnig er keppt um útlitshönnun. Allir nemendur skólans og starfslið fylgist með keppninni og metur hönnunina.

Öll eldri deildin 5.-7. bekkur heimsækir virkjunina í Búrfelli í tengslum við námsefni í nýsköpun, náttúrufræði og samfélagsfræði. Sú vettvangsferð var 10. febrúar og var einstaklega vel tekið á móti hópnum.

Þegar þetta er skrifað er undirbúningur í fullum gangi fyrir skíðaferð nemenda í 4.-7. bekk. Ætlunin er að fara í tveggja daga ferð í Bláfjöll með gistingu í skála á svæðinu. Mikil spenna er í

nemendum og tilhlökkunin skín af andlitunum. Foreldrar tóku vel í að koma með í ferðina og verður því ferðin vel mönnuð. Þá er bara að treysta á að veðurguðirnir verði okkur hliðhollir.

**Skólakeppni Stóru Upplestrarkeppninnar í 7. bekk verður haldin miðvikudaginn 4. mars og lokahátíð keppninnar fer fram í Árnesi 12. mars kl. 15:00. Allir eru velkomnir að hlusta á nemendur lesa upp ljóð og sögur á þessum hátíðum, sérstaklega er lokahátíðin spennandi og hátíðleg þegar fulltrúar uppsveitaskólanna mætast.**



**1. bekkur og grænir gaukar**

Með kveðju,  
Ingibjörg María, skólastjóri

## Niðurstöður samsræmdra könnunarprófa haustið 2008.

### 7. bekkur

Í Þjórsárskóla voru 13 nemendur í 7. bekk og fóru allir nemendur í samræmt könnunarpróf. Niðurstaða skólans er:

STÆ-7	heildareink.	reikn/aðgerðir	tölur/talnaskiln	rúmfræði
<b>meðaltal</b>	<b>7,27</b>	<b>7,62</b>	<b>7,27</b>	<b>6,42</b>
landið	6,5	6,9	6,6	5,5

Heildareinkunn og allir undirþættir eru yfir landsmeðaltali í stærðfræði.

ÍSL-7	heildareink.	stafsetning	lestur/hlustun	málnotkun/málfr.	ritun
<b>Meðaltal</b>	<b>7,96</b>	<b>7,12</b>	<b>8,27</b>	<b>8,35</b>	<b>6,62</b>
landið	7,1	6,9	7,4	7	6,7

Heildareinkunn og allir undirþættir eru yfir landsmeðaltali í íslensku, nema ritun sem er 0,08 undir.

Árangur nemenda í 7. bekk er því einstaklega góður. Þegar litið er á niðurstöðurnar sem hluta af sjálfsmati skólans þá er óhætt að segja að skólinn standi undir væntingum í kennslu þessara greina.

### 4. bekkur

Í Þjórsárskóla voru eingöngu 3 nemendur í 4. bekk og því má ekki birta þær niðurstöður. Árangur nemenda er þó ánægjulegur að mati skólans og heildin yfir landsmeðaltali þó ekki verði gerð nánari grein fyrir því hér.

Til hamingju nemendur, foreldrar og kennarar með þennan frábæra árangur.  
Ingibjörg María Guðmundsdóttir, skólastjóri Þjórsárskóla

<http://www.leikholt.skeidgnup.isl>

[thjorsarskoli.is](http://thjorsarskoli.is)

[skeidgnup.is](http://skeidgnup.is)

# Með hækkandi sól.

Við lifum á miklum breytingartímum, nýbúið að skipta um ríkisstjórn og alþingis- kosningar framundan. Margt fólk á við talsvert mótlæti að stríða vegna erfiðra skuldastöðu og jafnvel atvinnuleysis. Mörg sveitarfélög eiga við erfiðleika að stríða í sínum rekstri og ljóst að mörg þeirra eiga erfitt með að láta enda ná saman. Sem betur fer er staða Skeiða- og Gnúpverjahrepps ágæt og sveitarstjórn reynir að láta íbúana finna það til dæmis með því að rukka ekki fyrir heimilishjálp. Leikskólagjöld og mötuneytis- kostnaður í leik- og grunnskóla eru lægri en yfirleitt gerist í nágrennasveitarfélögum, auk þess sem ákveðið hefur verið að fella þessi gjöld niður í janúar og febrúar.

Núverandi sveitarstjórn leggur áherslu á að fjármálastjórn sveitarfélagsins sé með þeim hætti að við getum haldið áfram að halda þjónustugjöldum í lágmarki.

Þær framkvæmdir sem við stefnum að og ætlum að klára á þessu ári eru nauðsynlegar breytingar á fráveitukerfi í Brautarholti og efnisskipta á bílaplani og götu og malbika í framhaldinu. Væntanlega verður byrjað á þeim framkvæmdum þegar tíðarfar verður orðið hagstætt til að hefja slíkar framkvæmdir. Það er von mín að þær framkvæmdir gangi betur en þær fráveituframkvæmdir sem verið hafa í gangi við Árneshöfn undanfarið, (ef ekki mun undirritaður hvorki mæta á þorrablot né hjónaball á næsta ári). Lengi hefur verið í umræðunni að móta framtíðarskipulag á Brautarholti. Oddur Hermannsson er að vinna ákveðnar hugmyndir að framtíðarskipulagi svæðisins sem kynntar verða fyrir landeigendum og í framhaldi af því verða unnar hugmyndir sem vonandi verður hægt að kynna á almennum íbúafundi í apríl eða maí.

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir um tuttugu milljónum í viðhaldsverkefni á þessu ári, ekki hefur endanlega verið ákveðið í hvað þeir peningar fara en af nægu er að taka.

Unnið er að því að koma á fót upplýsingamiðstöð í Árneshöfn og í gangi eru kostnaðar- útreikningar við byggingu íþróttahúss við grunnskólann. Talsverða umræður hafa verið um þessi mál sem eðlilegt er, sumt af því sem heyrst hefur er byggt á misskilningi sem að einhverju leyti stafar af ónógu upplýsingaflæði frá sveitarstjórn, ég mun hér á eftir fara aðeins yfir þessi mál frá sjónarhóli meirihluta sveitarstjórnar.

Þegar unnið var að aðalskipulagsbreytingum vegna virkjanna í neðri hluta Þjórsár, það er Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjunar, varð okkur fljótlega ljóst að ef til framkvæmda kæmi væri nauðsynlegt að gera rammisamkomulag milli sveitarfélagsins og Landsvirkjunar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Af hverju var það nauðsynlegt? Jú til að tryggja hagsmunum sveitarfélagsins vegna fyrirhugaðra framkvæmda og til að hafa það skjalfest hvað rétt hafði verið milli þessara aðila. Hver sem er getur nálgast þetta samkomulag með því að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins.

Eitt af því sem sveitarstjórn taldi mikilvægt að sett yrði á stofn vegna fyrirhugaðra framkvæmda var gestastofa (upplýsingamiðstöð) svipuð þeirri sem rekin hefur verið vegna Kárahnjúkavirkjunnar en þá sýningu hafa um 9 til 10 þúsund manns sótt á hverju ári. Auk þess að hafa í þessari gestastofu kynningu á fyrirhuguðum framkvæmdum og núverandi rekstur Landsvirkjunar töldum við æskilegt að bæta ýmsu efni við, sérstaklega hvað varðar sveitarfélagið. Skulu nokkrar hugmyndir reifaðar hér en þar er æskilegt væri að heyra frá ykkur ef þið hafið hugmyndir að efni í slíka gestastofu:

- Sveitarfélagið, uppruni byggðar og þróun, mannlíf, mannfjöldi, atvinnuhættir, félags- og menningarlíf, þjónusta í sveitarfélaginu, afþreyingarmöguleikar, almenn kynning á möguleikum fólks til að setjast hérna að.
- Náttúrufar, jarðfræði, landslag, eldgos, jarðskjálftar, Þjórsárdalurinn byggð til forna jafnt þar sem annarstaðar í sveitarfélaginu, áhugaverðir staðir.
- Þjórsá. Fjalla um stærð vatnasviðs, rennslishætti, lífríki árinna, fossa og náttúrufarsleg sérkenni, Þjórsárver og rannsóknir þar.

Margar hugmyndir voru reifaðar um hvar best væri að hafa væntanlega gestastofu og niðurstaða sveitarstjórnar var að leigja hluta af félagsheimilinu Árnosi undir starfsemina, nánar tiltekið 250 fermetra. Nánari útfærsla yrði þegar farið yrði að skipuleggja gestastofuna, leigan er til tíu ára og er leiguverðið 85.000.000- sem greiðist á þessu og næsta ári. **Það hefur alltaf verið skírt af hálfu sveitarstjórnar að ekki standi til að afhenda Landsvirkjun allt félagsheimilið eða úthýsa því félagstarfi sem þar hefur verið rekið.** Ég held hinsvegar að það sé öllum ljóst að erfitt verður að bæta gestastofunni við í félagsheimilinu, til viðbótar þeirri starfsemi sem þar er rekin, nema gera ákveðnar breytingar annað hvort á húsnæðinu eða færa einhverja starfsemi sem núna annað. Í því sambandi kemur ýmislegt til greina, til dæmis:

1. Byggja við félagsheimilið og laga núverandi aðstöðu til íþróttakennslu. Kostirnir við þessa leið eru að kostnaðurinn er ekki mjög mikill ef gætt er hófs, einnig ætti að verða betri nýting á ýmsu í núverandi húsnæði svo sem veitingaraðstöðu og fl. Hinsvegar er mjög erfitt að byggja við núverandi húsnæði sökum byggingarstíls þess.
2. Byggja íþróttahús og hætta íþróttakennslu í félagsheimilinu. Kostirnir við þessa leið eru stórbætt aðstaða fyrir grunnskólann til íþróttakennslu og íþróttaiðkunar í sveitarfélaginu og reyndar í nágrennasveitarfélögum einnig, þar sem sjálfsagt mál væri að reka slíkt hús í nánu samstarfi við Hrunamenn, en eins og margir vita er þeirra hús talsvert ásetið.
3. Byggja sér húsnæði undir gestastofu og hætta við að hafa hana í félagsheimilinu, kostnaðarútreikningar slíks húsnæðis eru tiltölulega einfaldir.
4. Sumir vilja leggja niður skólahlald í Árnosi og flytja það upp að Flúðum, það er sjónar-mið útaf fyrir sig en er ekki í samræmi við vilja núverandi meirihluta sveitarstjórnar.

Þessir kostir og jafnvel fleiri eru til skoðunar hjá sveitarstjórn og ekki nein endanleg ákvörðun verið tekin. Til þess að hægt sé að taka ákvörðun sem byggir á einhverjum grunni verða allar kostnaðartölur að liggja fyrir, þess vegna lagði ég fram svohljóðandi tillögu á sveitarstjórnarfundi þann 13. janúar sl. : „ Sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps samþykkir að hefja könnun á möguleikum á því að byggt verði íþróttahús við Þjórsárskóla. Sveitarstjórn skal skila álitu eigi síðar en 24. febrúar 2009. „ Nauðsynlegt var að bóka þetta með formlegum hætti á fundi sveitarstjórnar til þess að íbúarnir vissu hvaða vinna væri í gangi hjá sveitarstjórn. Skafti Bjarnason var á móti þessari afgreiðslu og gerði sérþóknun og hana má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins og væntanlega í þessu fréttabréfi. **Svona rétt til áréttingar, ekki stendur til að skerða þá möguleika sem verið hafa í félagsheimilinu til félagsstarfs. Sveitarstjórn mun ekki fara í framkvæmdir sem stefna fjárhag sveitarfélagsins í tvísýnu.**

*Hafið þið það sem allra best og gangi ykkur vel í því sem þið eruð að fást við.  
Gunnar Örn Marteinson, Oddviti Skeiða-og Gnúpverjahrepps.*

# Svæðistónleikar Tónlistarskóla Árnesinga í Þjórsárskóla.

Verða fimmtudaginn 19. febrúar kl. 17:00



Allir velkomnir

*Nemendur og kennarar*



## Óska eftir notaðri eldavél með ofni.

Upplýsingar í síma 486-6079 og 895-8079

Kv. Sigrún Bjarnadóttir



VÖNDULL ehf



## FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Skútuvogi 13. sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00,

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán

## Happadrætti S.Í.B.S.

Styrkið gott málefni og fáid ykkur miða.

Umboðsmaður Sigrún Fossnesi.

Sími 486-6079 og 895-8079 [fossnes@uppsveitir.is](mailto:fossnes@uppsveitir.is)

# Kæru sveitungar enn er hægt að gerast vinur Skaftholtsréttta.

Peir sem hafa áhuga hafið samband við Hrafnhildi á Stöðulfelli.

Kveðja

Hrafnhildur Ágústsdóttir netfang mitt er [Stodulfell@gmail.com](mailto:Stodulfell@gmail.com)  
sími 862-4452 / 486-6015



## **BLAK**

Kvenna blakið er í fullum gangi.

Erum á þriðjudagskvöldum frá kl. 20:30 til 22:00.

Til og með 10. mars verðum við í Brautarholti.

Frá 17. mars og fram á vorið í Árnasi.

Ef þið hafið áhuga endilega látið sjá ykkur.

Ef þið viljið nánari upplýsingar, þá hafið samband.

Kv. Lilja s.847-8162

**Kvenfélag Gnúpverja verður 80 ára** á þessu ári og í tilefni af því hefur verið ákveðið að efna til samsætis í Árnasi 25. apríl 2009. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið. Nánari tilhögun verður auglýst síðar.

*Stjórnin.*

## **Opnun sundlauga í Skeiða-og Gnúpverjahreppi** **Vetraropnun.**



	<b><u>Skeiðalaug</u></b>	<b><u>Neslaug</u></b>
<b>Mánudaga</b>		<b>17-21</b>
<b>Þriðjudaga</b>	<b>17-21</b>	
<b>Miðvikudaga</b>		<b>17-21</b>
<b>Fimmtudaga</b>	<b>17-21</b>	
<b>Laugardaga</b>	<b>13-17</b>	<b>13-17</b>

**44.fundur var haldinn í hreppsnefnd Skeiða-og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 13.janúar 2009 kl. 10:30 í Árnesi.** Mættir voru: Gunnar Örn Marteinsson, oddviti, Ingvar Hjálmarsson, Jón Vilmundarson, Tryggvi Steinarsson, Björgvin Skafti Bjarnason. Einnig sat fundinn Sig.Jónsson, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og athugaði hvort einhverjar athugasemdir væru við boðun fundarins, svo reyndist ekki vera. Samp. að taka á dagskrá kynningu á skipulagsmálum í Brautarholti og Árnesi(Reykjanesið),sem Landform hefur unnið. Samp. að málið verði nr.2 á dagskránni.

1. Á fundinn mætir Ólafur Leifsson,fulltrúi sveitarfélagsins í stjórn Brunavarna Árnessýslu. Ólafur gerði grein fyrir húsnæðismálum, kostnaðarskipingu o.fl. varðandi málefni Brunavarna .
2. Á fundinn mættu Oddur Hermannsson og Svanhildur Gunnlaugsdóttir og gerðu grein fyrir framtíðarhugmyndum um skipulag í Brautarholti. Samp. að fela ráðgjafa að óska eftir fundi með hagsmunaaðilum. Einnig var farið yfir skipulagsvinnu varðandi Reykjanesið.
3. Erindi Kálfhóls og Ketilshóls varðandi markaðsstyrk. Áður á dagskrá 16.12.08. Fyrir lá bréf frá Jóni Gunnari Aðils,framkvæmdastjóra Kálfhóls. Erindinu hafnað þar sem það samrýmist ekki reglum um styrki.
4. Bréf frá Samgönguráðuneytinu varðandi heimild til hækkunar útsavars í 13,28%. Sveitarstjórn staðfestir að nýta heimild til hækkunar. Í framhaldi af þessari ákvörðun samp. sveitarstjórn að fella niður leikskólagjöld í janúar og febrúar 2009. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að fella niður gjöld skólamáltíða í janúar og febrúar 2009.
5. Peningamarkaðssjóður Landsbankans. Opið bréf til hlutdeildarskírteinishafa. Sveitarstjórn samþykkir að fela oddvita og sveitarstjóra að kanna hvar hagstæðast sé að hafa bankaviðskipti sveitarfélagsins.
6. Fundargerð vinnuhóps um framtíð sundlaugarinnar í Þjórsárdal frá 15.12.08. Lagt fram.
7. Minnispunktar frá fundi framkvæmdanefndar Þjórsársveita með fjármálaráðherra 17.12.08.Lagt fram.
8. Drög að húsaleigusamningi vegna upplýsingamiðstöðvar í Árnesi. Samþykkt að samningurinn verði yfirfarinn áður en hann verður tekinn til afgreiðslu.
9. Greinargerð frá Hafrannsóknarstofnun vegna athugasemdar varðandi virkjanir í Þjórsá og hugsanlegra áhrifa þeirra á lífríkið við strendur landsins. Fram kemur í álitinu að umræddar virkjanir muni ekki breyta heildarrensli Þjórsár til sjávar frá því sem nú er. Þó er sennilegt talið að framburður aurs muni minnka til sjávar vegna lónanna en ekki liggur fyrir vitneskja um að slíkt geti haft varanleg áhrif á viðgang þorskstofnsins.



10. Erindi frá nemendaráði Flúðaskóla varðandi Félagsmiðstöð, þar sem fram kemur ósk um að Hrunamannahreppur og Skeiða-og Gnúpverjahreppur taki þátt í rekstrinum. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur oddvita og sveitarstjóra að ræða við Hrunamenn um kostnað og annað tengt málinu.
11. Styrktarbeiðni frá Kvenfélagi Gnúpverja. Sveitarstjórn samþykkir styrk að upphæð kr.160.000.
12. Leiðbeiningar Félags-og tryggingamálaráðuneytisins um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Lagt fram.
13. Bréf frá Sr.Axel Árnasyni varðandi launagreiðslur organista. Sveitarstjóra falið að ræða við bréfitara.
14. Samningur um snjómokstur. Fyrir lá samningur við Bigfood ehf. og Núpsverk við Vegagerðina og Skeiða-og Gnúpverjahrepp. Sveitarstjórn samþykkir samninginn.
15. Fundargerð Félgasmálanefndar frá 3.12.08. Samþykkt.
16. Fundargerð Bókasafnsnefndar frá 26.11.08. Samþykkt.
17. Verkfundargerð nr.11. vegna fráveituframkvæmda. Lagt fram.
18. Fundargerð stjórnar SASS frá 12.12.08. Lagt fram.
19. Fundargerð stjórnar skipulags-og byggingafulltrúaembættis frá 17.12.08. Lagt fram.
20. Fundur starfshóps um akstur utanvega með fulltrúum sveitarstjórnar 26.11.08. Sveitarstjórn samþykkir að boða fund með hagsmunaaðilum, þar sem unnið væri að tillögu um merkingu vega.
21. Tillaga frá oddvita: „Sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps samþykkir að hefja könnun á möguleikum á því að byggt verði íþróttahús við Þjórskóla. Sveitarstjórn skal skila álitum síðar en 24.febrúar 2009.“  
Breytingartillaga. Frá Skafta Bjarnasyni. Liður a. Sveitarstjórn Skeiða og Gnúpverjahrepps samþykkir að láta kanna hvort breytingar hafi orðið á rekstrarumhverfi Þjórskóla frá því að ákveðið var að hann yrði allur fluttur í skólahúsnæði við Árnes. Skoðað verði sérstaklega hvort breytingar hafi orðið á íþróttakennslu innanhúss og hvort kröfur hafi aukist um gerð og búnað húsnæðis frá þeim tíma, sem réttlæta það að farið verði af stað í svo kostnaðarsama framkvæmd sem bygging íþróttahúss er.  
Liður b. Kannað verði hverjar séu ástæður fækkunar íbúa og sérstaklega fækkunar í yngstu árgöngum á meðan fjölgun er í flestum sveitarfélögum á Suðurlandi, og ekki síst hvort fækkunin sé tengd framkvæmd skólamála.  
Liður c. Ef í ljós kemur að ekki er hægt að samræma leigu húsnæðis félagsheimilisins Árness til Landsvirkjunnar annarri starfsemi hússins það er íþróttakennslu og mötuneyti skólans svo og fjölbreyttri félagsstarfsemi þá verði kannaðar þrjár leiðir, og þær bornar saman áður en farið er í framkvæmdir.

1. Byggður verði íþróttasalur og mötuneyti við Þjórsárskóla sem geti líka hýst hluta félagsstarfssemi. (Íþróttasalur, búningaþstaða, tækjageymslur, eldhús, mat salur, ofl.)
2. Skólastarf verði flutt í Brautarholt, byggðar þar kennslustofur og stofur vegna leikskóla. (1-3 kennslustofur og 2 stofur vegna leikskóla, tenging við bókasafn ofl.) Landsvirkjun verði leigt húsnæði Þjórsárskóla við Árnes og félagsaðstaða og önnur starfsemi Árnes helst óbreytt.
3. Gerður verði samningur við Hrunamannahrepp um kennslu 1 - 7 bekkjar á Flúðum og Landsvirkjun verði leigt húsnæði Þjórsárskóla við Árnes og félagsaðstaða og önnur starfsemi Árnes helst óbreytt. Samkvæmt áætlun Skeiða- og Gnúpverjahrepps þá kostar hver nemandi á Flúðum sveitarfélagið um 1.200 þúsund en kostnaður í Þjórsárskóla 1.900 þúsund, á hvern nemanda.

Breytingartillaga Skafta er felld með 4 gegn 1.

Tillaga oddvita samþykkt með 4 atkvæðum gegn 1.

22. Bréf frá Samgönguráðuneytinu þar sem samþykkt er heimild til frestunar á afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2009. Lagt fram.

23. Fjárhagsáætlun ársins 2009. Síðari umræða. Meðfylgjandi breytingartillögur við áætlun sem lögð var fram til fyrri umræðu 16.12.08. Breytingartillögur við síðari umræðu.

Útsvarsprósenta hækkar úr 13,03% í 13,28%.

Tekjur hækka um 2.200.000

Fasteignagjöld. Mat hækkar um 5%. Sumarbústaðamat lækkar um 10%.

Fasteignagjöld í heild hækka um 4%.

Tekjur hækka um 5.600.000

Sorpgjöld hækka um 10%.

Tekjur hækka um 500.000

Leikskóli. Rekstur hækkar um 3.000.000 (v/hækkunar á húsaleigu)

Skaftholtsréttir hækka um 1.000.000

Framkvæmdafé hækkar um 4.300.000 úr 15.000.000 í 19.300.000

Rammasamningur v/Landsvirkjun. Húsaleigutekjur 8.500.000.

Niðurstöðutölur á fjárhagsáætlun 2009.

A-hluti

Tekjur 377.057.000

Gjöld 353.893.000

Fjármt. 11.396.000

Rekst.n. 34.560.000

Langt.sk. 40.340.000

Fjárfestingar 19.300.000

Fjárhagsáætlun 2009 samþykkt samhljóða.

B-hluti.

388.658.000

357.161.000

3.389.000

34.886.000

64.711.000

24. Mál til kynningar.

- a) Ósk um að fá íbúðina að Bugðagerð 5 A til leigu.
- b) Beiðni frá Jóhanni ehf. um framlengingu á leigusamningi vegna leigu á veitinga-og gístaðstöðu í Árnesi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:15

**45. fundur var haldinn í hreppsnefnd Skeiða-og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn**

**3. febrúar 2009 kl. 10:30 í Árnesi.** Mættir voru: Gunnar Örn Marteinnsson, oddviti, Ingvar Hjálmarsson, Jón Vilmundarson, Tryggvi Steinarsson, Jóhanna Lilja Arnardóttir. Einnig sat fundinn Sig. Jónsson, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og athugaði hvort einhverjar athugasemdir væru við boðun fundarins, svo reyndist ekki vera. Oddviti óskaði eftir að liður 14 verði tekin af dagskránni, þar sem tölulegar upplýsingar liggja ekki fyrir. Samþykkt.

1. Bréf frá Heilbrigðisráðuneytinu. Áform um sameiningu heilbrigðisstofnana send til umsagnar. Lagt fram.
2. Húsaleigubætur. Uppreiknuð eignamörk. Lagt fram.
3. Úrskurður Samgönguráðuneytisins er varðaði afslátt tiltekins sveitarfélags á fasteignaskatt elli-og örorkulífeyrisþega. Á ekki við hjá okkur en afsláttur hér er tekjutengdur.
4. Bréfn frá Félagi Tónlistarskólakennara. Ályktun um stöðu tónlistarskólanna í landinu. Lagt fram.
5. Styrktarbeiðni frá stjórn Uppsveitarsystra. Sveitarstjórn samþykkir að styrkur verði í samræmi við það sem aðrir kórar fá.
6. Drög að erindisbréfi Bókasafnsnefndar. Einnig lágu fyrir athugasemdir bókasafnsnefndar við erindisbréfinu. Sveitarstjórn samþykkir að taka erindisbréfið til afgreiðslu á næsta fundi.
7. Bréf frá Félags-og Tryggingamálaráðuneytinu. Skipan og aðsetur matsteymis heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Lagt fram.
8. Bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Uppgjör framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2008. Lagt fram.
9. Bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Áætluð úthlutun framlags vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum fjárhagsárið 2009. Lagt fram.
10. Afrit af bréfi Bændasamtaka Íslands til Sambands ísl. sveitarfélaga varðandi fund um: Bótaréttur vegna framkvæmda í almannapágu og framkvæmd eignarnáms. Jón Vilmundarson mun sækja fundinn.
11. Bréf frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Staða Heilbrigðisstofnunar Suðurlands í ársbyrjun 2009. Lagt fram.

12. Úttektarskýrslur, sem Sjóvá forvarnarhús gerði um öryggispætti í Neslaug og Skeiðalaug. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að fylgja málum efir og að senda forstöðumönnum skýrllunnar.
  13. Bréf frá Dómsmálaráðuneytinu varðandi reglugerð um lögreglusamþykktir. Samþykkt að óska eftir að Sýslumaður mæti á næsta fund til að fara yfir málin.
  14. Beiðni frá Jóhanni ehf. um framlengingu á leigusamningi vegna leigu á veitinga og gistiaðstöðu og skólamötuneyti í Árnasi. (Áður á dagskrá síðasta fundar). Sveitarstjórn samþykkir að taka upp viðræður við bréfitara um framlengingu á samningi um eitt ár.
  15. Fundargerð stjórnar Brunavarna Árnassýslu frá 16.12.08 ásamt bréfi um kynningu á starfsemi. Lagt fram. Sveitarstjórn tekur jákvætt í að fá kynningu á starfsemi Brunavarna.
  16. Fundargerðir stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands bs. Frá 9.01 og 15.01.09. Lagt fram.
  17. Fundargerð aukaaðalfundar APS frá 19.12.08. Lagt fram.
  18. Fundargerð Félagsmálanefndar frá 13.01.09. Samp.
  19. Verkfundargerðir. Fráveita í Árnasi. Nr.12,13.og 14. Lagt fram.
  20. Mál til kynningar.
    - a) Bréf frá Kvenfélagi Gnúpverja varðandi leigu á hluta af Félagsheimilinu Árnasi. Sveitarstjórn samþykkir að halda fund með fulltrúum Kvenfélags Gnúpverja og Ungmannafélags Gnúpverja um málið.
    - b) Rætt um lokun vegar að Skriðufelli. Samp. Að kanna málið nánar.
    - c) Samp. að kanna ástæður þess að rúferðir eru ekki lengur í Árnes.
    - d) Starfshópur um reiðvegamálgæði grein fyrir fundi þar sem m.a. kom fram að gerð reiðvegakorts í sveitarfélaginu.
- Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:35

## Unglingadeildin Skúli – Inntaka nýrra félaga.

Sunnudaginn 15.febrúar kl 14:00 ætlar unglingadeildin Skúli að taka inn nýja félaga.

Þeir sem eru fæddir 1995 (8.bekkur) til 1991 (18 ára ) geta gerst meðlimir.

Fundurinn verður haldinn í húsi Björgunarfélagsins Eyvindar á Flúðum og eru foreldrar velkomnir með til að skoða aðstöðu og starfssemi.

Allar nánari upplýsingar er hægt að skoða á vefsíðu deildarinnar <http://ud-skuli.blogcentral.is/>

## Snjómokstur.

Eins og áður mun sveitarfélagið stuðla að því að snjómokstur verði framkvæmdur í samræmi við þá samninga sem gerðir eru.

Í samningi er kveðið á að megin markmið sjómoksturs sé að koma börnum í skólann á réttum tíma og greiða um leið akstursleiðir þeirra sem þurfa til vinnu. Ef snjór er það mikill að erfiðlega gengur að opna vegina skal Vegagerðin hafa rétt til að koma með fleiri tæki til að flýta mokstri. Ekki er mokað þegar veður er þannig að það fenni jafnóðum í för.

Telji fyrirtæki sig þurfa á meiri mokstri að halda verða þau að semja við verktaka og greiða beint til þeirra fyrir þau verk.

Þeir sem þurfa að fá upplýsingar eða þurfa að koma beiðnum um mokstur eru beðnir um að hafa samband við **Ara Einarsson í síma 893 4426.**

Sveitarstjóri

## Lestrarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Bókahúsinu Brautarholti

Opnunartímar:

Mánudaga og miðvikudaga

frá 10.00 - 16.00

Þriðjudaga og fimmtudaga

frá 20.00 - 21.30



Viðskiptavinir – vinsamlegast munið að skila bókum  
sem fengnar hafa verið að láni.

Í haust kom saman hópur nokkurra einstaklinga , ásamt fulltrúum frá Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Landgræðslunni til að ræða uppgræðslumál á Gnúpverjafrétti en þessir aðilar hafa verið í samstarfi um þau mál á undanförunum árum. Niðurstaða þessa fundar var að þessum málum verði best fyrir komið með stofnun sérstaks landgræðslufélags sem tæki að sér þetta verkefni.

Undirbúningsnefnd að stofnun slíks félags hefur því ákveðið að boða til **STOFNFUNDAR**

**Landgræðslufélags fyrir Gnúpverjafrétt**  
**Sunnudagskvöldið 22. febrúar klukkan 20.30 í Þjórsárskóla.**

Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri mætir á fundinn.

Áhugafólk er hvatt til að mæta.

Nefndin.

## Deildarfundur Sláturfélags Suðurlands.

Sameiginlegur fundur Skeiðadeildar, Gnúpverjadeildar og Hrunamannadeildar verður haldinn í Brautarholti 25. febrúar næstkomandi kl. 21:00.

Allir sem láta sér málefni sláturfélagsins varða eru hvattir til að mæta. Veitingar í boði félagsins.

Deildastjórar.

## Íþróttæfingar á vegum UMFG

**Íþróttæfingar á vegum UMFG fyrir börn 10 ára og yngri** eru strax eftir skóla á föstudögum kl. 12:45 - 14:00 í Árnesi.

(Æfingarnar eru einungis þegar skóli er). Siggí Palli sér um æfingarnar. Foreldrar verða að sækja börnin að lokinni æfingu. Börnin þurfa að hafa með nesti og íþróttaföt. Hver æfing kostar 200 krónur.

Með kveðju frá UMFG



# Viola Snyrtistofa á Flúðum

Högnastíg 1

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsböð  
Húðhreinsun  
Litun og plokkun  
Handsnyrting  
Fótsnyrting  
Förðun  
Vaxmeðferð



Hef til sölu húðvörur fyrir bæði dómur og herra frá GUINOT og förðunarvörur frá NO NAME  
Tím pantanir í síma 566-8342 og 856-1599

**EIMSKIP**

**Flúðaleið ehf**

**Landflutningar**  
SAMSKIP

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

Símar hjá bílstjórum:

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur.

892-2372- Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2308- Trailer

892-2316- Trailer


Með von um gott samstarf  
Starfsfólk Flúðaleiðar

## **Aðalfundur UMF Gnúpverja**

Aðalfundur UMFG verður haldinn þriðjudaginn 24. febrúar kl. 20:30 í Árnesi. Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin.

# Á bak við eldavélina



## Uppáhalds fiskrétturinn

Hráefni:



2 meðalstór ýsuflök

(ég vil helst nota allan annan fisk en ýsu, karfinn er bestur)

Ca. 3 bollar hrísgrjón

tsk salt

karrý

sítrónupipar



Aðferðin

Forsjóðið bæði fiskinn og hrísgrjónin. Setjið gott lag af soðnum grjónum í botnin á eldföstu fati, stráið vel af karrý yfir, þar ofaná þunnt lag af osti, fiskinn soðin í bitum þar ofaná, smá sítrónupipar, salt og karrý og síðan restina af hrísgrjónunum ofan á þetta allt og að síðustu gott lag af osti. Hellið ca 1/2 ltr af matreiðslurjóma (rjómi er betri) í fatið og setjið í 120° heitan ofn í ca 20 - 30 mín. (Þar til osturinn hefur tekið lit)

Ef þið viljið hafa þetta sem sunnudagsmat þá er algjört æði að bera fram með þessu gróft skorið salat, góða sallatsósu, brauðbita (croutons) og sesamfræ, RISTUÐ, algjört skilyrði, þau eru æði.

Hvað fiskinn varðar, þá er flest allur fiskur betri en ýsa. Karfinn bestur, svo þorskurinn. Ýsan minnir alltaf á Þjóðviljann, þurr og þunn.

Verði ykkur að góðu.

Ég skora á hana Bolettu að koma með eina góða.

*Kveðja Páll á Leiti*





## Menn og málefni

Frá Fjölbrautarskóla Suðurlands brautskráðust eftirfarandi nemendur úr Skeiða- og Gnúpverjahreppi í desember.

- **Matthildur María Guðmundsdóttir** Árnesi NÁ Stúdent af náttúrufræðibraut
- **Erlingur Snær Loftsson** Tröð GBM Grunnám bygginga- og mannvirkjagreina
- **Jóna Sif Leifsdóttir** Hlemmiskeiði SJ Próf af sjúkraliðabraut
- **Lilja Sigurbjörg Harðardóttir** Laxárdal VH Stúdent af viðskipta- og hagfræðibraut.
- **Jón Emil Björnsson** Vorsabæ GBM Grunnám bygginga- og mannvirkjagreina
- **Jón Einar Valdimarsson** Stóra-Núpi MHÚ Meistaránám húsasmíði
- **Stefán Hansen Daðason** Birkikinn GB Grunndeild bíliðna.

### **Brautskráning: Viðurkenningar**

Bestum heildarárangri náði **Lilja Sigurbjörg Harðardóttir**, stúdent af Viðskipta- og hagfræðibraut og fékk hún sérstaka viðurkenningu skólanefndar af því tilefni en hún hlaut einnig námsstyrk frá Hollvarðasamtökum skólans ásamt **Matthildi Maríu Guðmundsdóttur** stúdent af náttúrufræðibraut. Lilja Sigurbjörg hlaut tvenn önnur verðlaun fyrir sérstakan námsárangur í einstökum námsgreinum og Matthildur María þrenn. Glæsilegur árangur það.

- **Stefanía Eypórsdóttir** Hamragerði 2 í Árnesi brautskrádist sem stúdent af félagsfræðibraut frá Fjölbrautarskólanum í Breiðholti í desember.

### Nýjir þjóðfélagsþegar.

- **Gestur Einarsson á Hæli og Hekla Þöll Stefánsdóttir frá Selfossi** eignuðust dreng þann 26. desember. 3230 gr og 51 cm.
- **Helgi Haukur Hauksson frá Sandlæk og Guðfinna Harpa Árnadóttir frá Straumi í Hróarstungu á Héraði** en þar eru þau búsett, eignuðust rauðhærða stúlku þann 2. janúar 3160 gr og 49 cm.
- **Jóhanna Ósk Tryggvadóttir og Róbert Páll Chiglinsky í Hlíð** eignuðust dreng 10. janúar 17 merkur og 53 cm. Stóra systir hans er Kolbrá Kara sem er 3 og  $\frac{1}{2}$  árs.
- **Andrea Sif Snæbjörnsdóttir frá Hlemmiskeiði og Árni Már Einarsson frá Heiðarbrún** eignuðust strák 31. janúar 17 merkur og 54 cm. Þau eru búsett á Selfossi.

# Árið 2009

Ágætu lesendur þessa pistils. Gleðilegt nýtt ár og bestu þakkir fyrir það sem var að líða. Árið 2009 verður okkur Íslendingum örugglega mjög erfitt og þótt atvinnuástand í okkar sveitarfélagi sé gott munum við ekkert fara varhluta af því ástandi sem nú ríkir í efnahagsmálum.

Sveitarstjórn hefur afgreitt fjárhagsáætlun, sem gerir ráð fyrir að hægt verði að reka sveitarfélagi með tekjuafgangi. Ekki er gert ráð fyrir að skerða þurfi þjónustu.

Á síðasta fundi var samþykkt að fella niður leikskólagjöld í janúar og febrúar og ennfremur að fella niður gjald fyrir skólamáltíðir þessa sömu mánuði.

Væntanlega kemur þessi niðurfelling vel fyrir marga.

Samkvæmt tölum frá Hagstofunni hefur íbúum fækkað um 19 milli ára og eru íbúar nú 516. Að sjálfsögðu er þetta áhyggjuefni, þótt sveiflur geti átt sér stað. Nokkrar íbúðir sem eru leiguíbúðir standa nú auðar.

Væntanlega mun þetta breytast ef ráðist verður í samgöngubætur og virkjanaframkvæmdir á næstunni. Fólki mun þá fjölga, en mikið atriði er að hægt verði í framtíðinni að stuðla að fjölbreyttara atvinnulífi og er þá horft til þátta eins og netþjónabús. Jafnframt eru miklar líkur á að hægt verða að auka mjög þjónustu við móttöku ferðamanna á næstu árum.

Á kjörtímabilinu hafa engin ný lán verið tekin og er ekki gert ráð fyrir neinni nýrri lántöku í fjárhagsáætlun þessa árs.

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir malbikunarframkvæmdum í Brautarholti og gert er ráð fyrir myndarlegri upphæð til viðhalds fasteigna sveitarfélagsins.

Að undanfögnu hefur verið unnið að skipulagsvinnu bæði hvað varðar Brautarholt og Árnes og er þá horft til framtíðar. Gert er ráð fyrir að hugmyndir verði kynntar íbúum í vetur.

Meirihluti sveitarstjórnar samþykkti á síðasta fundi sínum að fram færi könnun á möguleikum þess að byggja íþróttahús við Þjórsárskóla. Niðurstaða skal liggja fyrir eigi síðar en 24. febrúar n.k. Ekki er nokkur vafi að slíkt hús myndi bæta mjög alla aðstöðu til íþróttakennslu, íþróttæfinga og annars félagsstarfs. Rétt er að undirstrika að hér er um könnun að ræða og það á eftir að koma í ljós hvort þetta er mögulegt fjárhagslega fyrir sveitarfélagið.

Misskilnings virðist gæta hjá einhverjum þegar talað er um að nemendur komi til með að missa aðstöðu til íþróttakennslu. Þótt fyrir liggja rammisamkomulag við Landsvirkjun á leigu á húsnæði í Félagsheimilinu fyrir upplýsingamiðsstöð verður að sjálfsögðu tryggt að nemendur geti fengið sína íþróttakennslu. Það hefur engum dottið í hug að íþróttakennsla verði lögð niður.

Meirihluti sveitarstjórnar vill einmitt kanna möguleika á því hvort hægt sé að bæta alla aðstöðu til íþróttaiðkunar og félagsstarfs með hugsanlegri byggingu íþróttahúss.

Auðvitað geta menn haft þá skoðun að betra og hagkvæmara sé að flytja allt skólahald í burtu úr sveitarfélaginu, en sveitarfélag sem ekki hefur skóla eða leikskóla er það ekki svolítið skrítíð?

Með bestu kveðjum,  
Sigurður Jónsson, sveitarstjóri

## Körfuboltafréttir

Þegar þessi orð eru rituð eru iðkendur í minnibolta á svokölluðu Póstmóti Breiðabliks í Kópavogi, undir styrkri stjórn sinna frábæru þjálfara Árna og Sigurbjörns, og skemmta sér konunglega. 8. flokkur kvenna er á Hellu með þjálfara sínum Caleb Holmes, og 8. flokkur karla í íþróttahúsinu hér á Flúðum þar stjórnar Bragi Viðar. Starf körfuboltadeildarinnar er nú á fullu skriði og margt skemmtilegt framundan. Krakkarnir eflast, styrkjast og standa sig ótrúlega vel. Hjá okkur ríkir mikil gleði og kærleikur ☺ Við erum óskaplega heppin að eiga svona duglega og kraftmikla krakka. Unglingarnir okkar æfa af miklum krafti og búa sig undir seinni hluta Íslandsmóta. Hafdís og Guðrún Edda voru boðaðar á æfingar með landsliðshóp milli jóla og nýárs þar sýndu þær sýnar sterkustu hliðar. Þessar sömu stúlkur eru einnig á venslasamningi hjá Breiðablik en þar spila þær af fullum krafti með 9.flokki kvenna þar sem Karl Hannibalsson (Kalli okkar) ræður ríkjum. Framundan eru síðan skemmtileg HSK mót í flestum flokkum. Meistaraflokkur karla er einnig á fleygiferð eins og vanalega. Standa sig sérlega vel inn á vellinum (a.m.k. heimavelli ☺) og með sigri á Hetti þann 17. Janúar komust strákarnir í nokkuð notalega stöðu í deildinni. Sá merkilegi atburður átti sér stað að í fyrsta skipti, í sögu UMFH var leikmaður úr röðum Hrunamanna valinn í Stjörnulið KKÍ. Leikmaðurinn heitir Caleb Holmes. Stjörnuliðið sigraði landsliðið og stóð okkar maður sig frábærlega. Ekki er nóg með að strákarnir standi sig vel á vellinum heldur leggja þeir líka mikla vinnu á sig utan vallar í þágu deildarinnar. Mögnuð stemning hefur myndast á heimaleikjum okkar þar mæta ungir sem aldnir og standa þétt við bakið á strákunum okkar. Við erum lánsöm því nokkur fyrirtæki og einstaklingar hafa sýnt metnaðarfullan stuðning við okkur. Flúðasveppir, með Georg Ottóson í fararbroddi, ákvað að standa þétt við bakið á 1. deildar liði okkar með háum fjárstyrk. Án þessa stuðnings hefði verið nánast ógerlegt að halda úti 1. deildar liði en með styrknum vill Georg efla öflugt íþróttastarf hjá okkur. Fyrirtækið Landstólpi, í eigu Arnars Bjarna og Berglindar í Gunnbjarnarholti, ákvað líka að standa þétt við bakið á okkur og stóð straum af kostnaði við kaup á glæsilegum búningasettum og upphitunartreyjum fyrir körfuboltadeildina.

Með ósk um gleði og gæfu, farsæld og frama á nýju ári.  
Stjörninn



Ágætu sveitungar, nær og fjær.

Hið árlega hjónball Umf. Skeið verður haldið í Brautarholti, laugardaginn 21. mars 2009. Takið kvöldið frá.

Línan

## NUDD.

Minni á að ég er að nudda í Brautarholti á þriðjudögum og fimmtudögum, einnig heima í Laxárdal.

Tilvalið að skella sér í sund, gufu eða í heita pottinn í leiðinni.

Nánari upplýsingar í síma 4866081 og 8650329, netfang [laxdal@uppsveitir.is](mailto:laxdal@uppsveitir.is).

*Kveðja*

*Kristín Bjarnadóttir*

*Svæða-og viðbragðsfræðingur.*



Næsta Fréttabréf kemur út **föstudaginn 13. mars**

**Skilafrestur efnis er til þriðjudagsins 10. mars.**

Umsjón með fréttabréfinu hefur Helga Kolbeinsdóttir - [helga@skeidgnup.is](mailto:helga@skeidgnup.is)

Ábyrgðarmaður er Sigurður Jónsson sveitarstjóri

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er opin mánudaga-fimmtudaga frá kl. 9-12 og 13-15. Sími 486-6014 Fax 486-6091 [www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is)